



Samtök verslunar og þjónustu
Federation of Trade & Services

Fréttatilkynning

25.júní 2008

Stefna SVP í Evrópumálum liggur fyrir

Innan SVP- Samtaka verslunar og þjónustu hefur að undanfögnu farið fram skoðun á því hvort félagsmenn telji hag sínum betur borgið með öðrum gjaldmiðli en íslensku krónunni. Þessi vinna hefur verið framkvæmd í framhaldi af því að stjórn Samtaka atvinnulífsins beindi því til aðildarféлага sinna sl. haust að þetta stóra mál yrði tekið til ítarlegrar skoðunar.

Stjórn SVP ákvað að fela Evrópunefnd samtakanna að fjalla um málið og skilaði hún stjórn tillögum sínum fyrir nokkru síðan. Stjórn SVP staðfestir og tekur undir niðurstöður Evrópunefndarinnar í meginatriðum en þær eru eftirfarandi:

- Mikill óstöðugleiki gengis og hátt vaxtastig, sem hefur undanfarin ár einkennt íslenskt efnahagslíf og skapar slíkt afar erfiða rekstrarumgjörð fyrir verslunar- og þjónustufyrirtæki;
- Fyrirtækin í landinu hafa eftir mætti verið að færa viðskipti sín í erlenda mynt til að gengisverja rekstur sinn og spyrna við því ójafnvægi sem skapast hefur. Allt bendir til að þessi viðleitni fyrirtækjanna muni halda áfram og sífellt fleiri rekstrarþættir, þ.m.t. laun, verði færð í erlendri mynt. Alvarlegasta birtingarmynd þessa ástands er að þau fyrirtæki sem hafa aðstöðu til, flýja óstöðugleikann og leita skjóls í stöðugra umhverfi erlendis;
- Á það hefur verið bent, m.a. af forsætisráðherra, að það séu einungis tvær leiðir í stöðunni; annars vegar að búa áfram við íslensku krónuna eða; að ganga í Evrópusambandið og gerast þátttakandi í myntbandalaginu og þar með taka upp evru sem gjaldmiðil hér á landi;
- Ýmsar rannsóknir benda til þess að aðild Íslands að Evrópusambandinu og myntbandalaginu geti bætt rekstrarumhverfi verslunar- og þjónustufyrirtækja. Þar má nefna aukin viðskipti innan svæðisins vegna myntsamruna, lækkun viðskiptakostnaðar, aukin samþætting, áhættudreifing fjármála- markaða og aukinn sveigjanleiki á vinnumarkaði.

Með vísan til þess sem að framan er rakið hefur stjórn SVÞ mótað sér eftirfarandi stefnu:

- Íslensk stjórnvöld eru hvött til að lýsa því yfir vilja til að undirbúa viðræður um aðild að Evrópusambandinu;
- Á sama tíma fari fram ítarlegar, hlutlausar og fordómalausar umræður á opinberum vettvangi um kosti og galla aðildar að Evrópusambandinu;
- Stjórnvöld kalli til samstarfs fulltrúa atvinnulífsins og aðra hagsmunaðila í því skyni að fjalla um hvaða forsendur þurfa að vera til staðar til að aðild að Evrópusambandinu teljist fýsilegur kostur.

SVÞ- Samtök verslunar og þjónustu mun leggja sitt að mörkum í þessu efni með því að halda aðildarfyrirtækjum sínum upplýstum og þar með auðvelda þeim að gera upp hug sinn.

Nánari upplýsingar gefur Andrés Magnússon, framkvæmdastjóri SVÞ, í síma 820-4500 eða 511-3000.

SVÞ- Samtök verslunar og þjónustu eru málsvari verslunar- og þjónustugreina á Íslandi. Meira en 400 fyrirtæki í öllum landshlutum eru aðilar að samtökunum. Þar á meðal eru ýmis af stærstu fyrirtækjum landsins, en þorri aðildarfyrirtækja eru smáfyrirtæki. Verslun og þjónusta eru nánasti hlekkur þjónustukeðjunnar við hina 300 þúsund neytendur í landinu auk álíka margra ferðamanna sem sækja landið heim árlega. Það vinna yfir 21 þúsund manns í versluninni og 90 þúsund í þjónustu, þar af helmingur í opinberri þjónustu. Framlag verslunar til landsframleiðslu eru 12% en þjónustu 55%, þar af er hlutur opinberrar þjónustu 36%.